

Ný-útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1890.

Farmannalög, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 13, bls. 30—65).

Lög um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 14, bls. 66—67).

Vidaukalög við tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 15, bls. 68—69).

Lög um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandar prófastsdæmum, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 16, bls. 70—71).

Lög um breyting á 1. gr. í lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, undirskrifuð af konungi 22. marz 1890 (A, nr. 17, bls. 72—73).

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um rjett yfirskattane- 54
nefnda til að breyta tekjuskattsskrám o. fl. — Í þókanlegu brjefi, dags. 25. febrú- 12. apríl.
ar þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, í umboði yfirskattanefndarinnar í Húnavatnssýslu,
spurt fyrir um, að hve miklu leyti yfirskattanefnd hafi rjett til að heimta endurmat
á sjálfseignarjörðum til eptirgjalds, er henni eptir kunnugleika pykir eptirgjaldið of lágt
sett, og hvort sjálfseignarbóndi geti ekki heimtað nýtt mat á jörð sinni, ef hún hefur
að mun fallið í verði frá þeim tíma, er hún var metin til eptirgjalds af skatta-
nefndinni.

Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð yður til leiðbeiningar, að samkvæmt
landshöfðingjabrjefum 3. febrúar, 20. marz og 20. september 1879 (Stjtið. 1879 B nr.
22, 50 og 139), ber yfirskattanefndunum að rannsaka nákvæmlega skrár skattanefnda
þeirra, sem þær eru skipaðar yfir, og þegar yfirskattanefnd virðist eitthvað vera óljóst
eða rangt í slíkri skrá, þá er henni bæði skylt og heimilt að krefjast nánari skýringa frá
hlutadeigandi skattanefnd um það og síðan að lagfæra skrána eptir því sem henni virð-
ist rjett vera. Þetta eptirlit yfirskattanefndanna nær einnig til virðingar til eptirgjalds
samkvæmt 1. gr. tekjuskattslaganna á jörðum, sem eigandi býr sjálfur á eða notar, og
er yfirskattanefnd því fyllilega heimilt og skylt, ef henni virðist slík virðing of lág, þá að
fengnum þeim skýrslum, sem henni pykir með þurfa, bæði frá hlutadeigandi skattanefnd
og skattgreiðanda, að hækka virðingu jarðarinnar til eptirgjalds, eins og henni virðist
sannast og rjettast. Sömuleiðis er jardeiganda, sem býr á eða hefur afnot af sjálfs síns
eign, heimilt samkvæmt 16. og 20. gr. tekjuskattslaganna, ef hann er óánægður með
virðing skattanefndarinnar á jardeign hans til eptirgjalds, þá að bera upp kæru sína
yfir virðingunni fyrir skattanefndinni, og ef honum líkar ekki úrskurður skattanefndar-
innar um kæru hans, þá að skjóta honum til yfirskattanefndarinnar, sem hefur sama
vald til að leggja fullnaðarúrskurð á kæru yfir virðingu jardeignar til eptirgjalds, eins og
á kærur yfir öðrum ákvörðunum skattanefndar um tekjur gjaldenda.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um flutu- 55
ing á þingstað — Með þókanlegu brjefi, dags. 18. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, 14. apríl.
sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Torfalækjarhreppi ásamt meðmælum sýslumanns-
ins í Húnavatnssýslu, þar sem sótt er um leyfi til þess að flytja þingstað tjeðs hrepps
12. dagmaí mán. 1890.

56 frá Torfalæk að kaupúninu Blönduósi, þar sem hreppsnefndin hefur með samþykki 14. apríl. sýslunefndarinnar keypt hús í því skyni að þar verði framvegis haldin manntalsþing og hinir venjulegu fundir hreppsins. Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til frekari birtingar, að jeg samkvæmt tillögum yðar veiti hjer með hið umbeðna leyfi.

57 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skilning á ráðgjafabrjefi 27. júní 1888. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 10. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að staðfestingar yðar hafi fyrir skemmstu verið leitað á fiskiveiðasamþykkt nokkurri, sem fer fram á útilokun aðkomandi fiskimanna, og hafi yður horizt skýrslur um það, að verstöð sú, sem ætlað er til að samþykktin gildi fyrir, hafi síðustu 4 ár verið ofsett af fiskimönnum, þannig að alls 483 bátar, er Færeyingar áttu þriðjunginn af, með 868600 önglum á línu, hafi á síðustu 4 árum gengið til fiskjar á svæði, sem er talið um hálfa □ mílu á stærð.

Útaf þessu hafið þjer látið í ljósi, að yður sje ekki full-ljóst hvernig skilja beri fyrir-mæli brjefs stjórnarráðsins 27. júní 1888 (Stjtíð. 1888, B. bls. 105—106), þar sem því er bætt við eptir fyrir-mæli brjefsins um, að útilokun aðkomandi fiskimanna beri ekki að leyfa nema þar, sem hún vegna fiskiveiða manna á staðnum verði að álitast nauðsynleg: «að þannig beri ekki að staðfesta neina samþykkt, sem inniheldur slíka útilokun, nema amtmanni sje með áreiðanlegum skýrslum sannað, að ekki sje á annan hátt hægt að vernda fiskiveiðar þarsveitarmanna». Tjáist þjer ekki geta hugsað yður annan veg til þess að vernda fiskiveiðar manna, þar sem veiðistöðin fyllist svo um of af aðsókn aðkomandi fiskimanna, að «þarsveitamenn» geta ekki stundað atvinnu sína eins og þeir vilja, heldur en þann einn að útiloka hina aðkomandi fiskimenn; en á hinn bóginn virðist yður hin tilfærðu orð úr nefndu stjórnarbrjefi benda til þess, að vernda megi fiskiveiðarnar með einhverju öðru móti.

Þjer hafið því beiðst leiðbeiningar um, hvernig eigi að skilja hin áðurgreindu orð í ráðgjafabrjefinu, sem sje um það, hverjir aðrir vegir gætu verið til þess að veita fiskiveiðum manna, er byggja við þröngva og litla firði, nauðsynlega vernd gagnvart aðsókn aðkomandi manna í verstöðina.

Útaf þessu skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, að það er álit mitt, að hin tilfærðu og ofanumræddu orð í hinu tilvitnaða ráðgjafabrjefi eigi ekki við neina sjerstaka verndunaraðferð, er átt geti við á öllum veiðistöðvum, heldur sje með þeim að eins gefið til kynna, að svo framarlega sem einhver önnur aðferð yrði álitin nægilega verndandi á vissum veiðistöðvum, þá beri heldur að nota hana, heldur en grípa til útilokunarinnar, sem þykir örþrifsráð, og verður því amtmaðurinn í hverju einstöku tilfelli að athuga ástand og tilhátan alla, og dæma um, hvort það er nægilega upplýst um hvern einstakan stað, er farið er fram á útilokun fyrir, að sá vegur sje nauðsynlegur til þess að veita þarsveitarmönnum nægilega vernd.

58 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um fyrirfram-greiðslu kostnaðar við flutning þurfamanna. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 4. febrúar síðastl. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því, að ágreiningur væri milli sýslumannsins í Húnavatnssýslu og einnar hreppsnefndar þar í sýslunni útaf því, að